

**Mál nr. 308/2011****M  
og  
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.****Starfsmaður slasaðist á fæti er hann var færa gaffla á lyftara í sundur þann 11.11.2008.****Gögn.**

134. Málskot, móttakið 21.7.2011, ásamt fylgigögnum.

135. Bréf X, dags. 28.7.2011, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

M, starfsmaður V, var að færa gaffla í sundur á lyftara. Mun hann hafa ýtt öðrum gafflinum fram af sporinu þannig að hann datt af festingunni og ofan á rist hægri fótar M með þeim afleiðingum að ristin brotnaði. Daginn eftir slysið hóf M töku orlofs og láðist M að tilkynna V um slysið strax í upphafi. Slysið var svo tilkynnt Vinnueftirliti ríkisins þann 25.11.2008. M kveður V bera skaðabótaábyrgð á tjóni sínu og kveður í þeim efnum að starfshættir hjá V hafi m.a. farið í bága við 13., 21., 23., 42. og 46. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Ennfremur er vísað til gr. 25 og 26. í I. viðauka reglugerðar nr. 367/2006 um notkun tækja. Þá kveður M að keyptir hafi verið nýir svonefndir „snúningar“ á alla lyftaragaffla hjá V.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá vátryggingafélaginu X. X hefur hafnað bótaskyldu.

**Álit.**

Eins og mál þetta liggur fyrir hefur ekkert komið fram sem sýnir fram á að búnaður á lyftara þeim sem M var að vinna við er hann slasaðist hafi verið vanbúinn eða slysið megi rekja til ófullnægjandi verkstjórnar eða annarra atvika sem V gæti borið ábyrgð á gagnvart M. Þá verður ekki talið að það verði rakið til vanrækslu af hálfu V að slysið var ekki tilkynnt Vinnueftirlitinu fyrir en raunin varð. Eru því ekki efni til að fella sönnunarbyrðina á V um það sem kann að vera óljóst um tildrög slyssins. Að svo vöxnu telst líkamstjón M ekki bótaskyld úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 23. ágúst 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.